

Þess er óskað að undirrituð umsógn berist **eigi síðar en 7. júní nk.** á netfangið nefundasvid@althingi.is

Umsógn Sjúkratrygginga Íslands um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 622 mál

Almennt

Eins og fram kemur í frumvarpinu þá eru ríkisstofnanir ólíkar að eðli og uppbyggingu og mjög misjafnt er hversu mikið þær vinna með persónuupplýsingar.

Margar stofnanir eru lítið að vinna með persónuupplýsingar, starfsemi annarra stofnana snýst um persónuupplýsingar og aðrar liggja þarna á milli.

Vegna þessa er mikilvægt að greina starfsemi einstakra stofnana m.t.t. umfangs vinnslu persónuupplýsinga og hversu flóknar vinnslur eru og tryggja viðeigandi stuðning m.t.t. þeirrar starfsemi sem um ræðir.

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) eru ein þeirra stofnana sem starfsemi sinnar vegna vinna mikið með persónuupplýsingar í mörgum flóknum og umfangsmiklum tölvukerfum.

Aðlögun starfsemi stofnunarinnar að nýjum reglum um persónuvernd verður þess vegna tímafrek og kostnaðarsöm. Sökum rekstrarstöðu stofnunarinnar þá er sú aðlögun ekki möguleg nema til komi viðbótarfjárhæmildir.

Sökum umfangs þeirra verkefna sem lögin kalla á þá mun það taka langan tíma (8-12 mánuði varlega áætlað) að hrinda í framkvæmd helstu breytingum eftir að full fjármögnun liggur fyrir.

Starfsemi Sjúkratrygginga Íslands

Stofnunin hefur kortlagt helstu verkefni sem tengjast innleiðingu nýrra reglna. Ljóst er að ný lög hafa víðtæk áhrif á starfsemi SÍ og hefur stofnunin kallað eftir samráði við velferðarráðuneytið vegna innleiðingar þessara nýju persónuverndarreglna. Það hefur verið bent á að ekki sé hægt að uppfylla gerðar persónuverndarkröfur miðað við óbreytta fjárhagsstöðu. SÍ hafa óskað eftir sérstökum fundi með ráðuneytinu til að fara yfir stöðuna.

Til upplýsinga um magn ákvarðana, vinnslu og upplýsingamiðlunar í kerfum SÍ:

- Réttindaákvæðanir og vinnslur í tölvukerfum snerta yfir 300.000 einstaklinga á hverju ári.
- Miðlað er persónugreinanlegum upplýsingum til yfir 2.000 veitenda heilbrigðisþjónustu.
- Umfang rafrænnar miðlunar upplýsinga er yfir 50 milljón skeyti á ári.
- Stofnunin móttekur, vinnur með og miðlar árlega um 6 milljón skjölum til og frá einstaklingum og veitendum heilbrigðisþjónustu.

Greining á helstu verkefnum

Frá því að minnisblað til VEL var skrifa þá hefur verið unnin gróf greining á helstu verkefnum sem innleiðing nýrra persónuverndarlaga kalla á hjá SÍ:

- Greining á vinnslum, kortleggja þær vinnslur eru gerðar hjá stofnuninni.
- Vinnsluskrá, þ.e. tengja allar vinnslur við lagaheimild. Kalla eftir lagabreytingum þar sem stoð skortir
- Áhættugreining, meta kerfisbundið áhættu við allar vinnslur og stilla upp mótvægisáðgerðum

- Vinnslusamningar, gera vinnslusamninga við vinnsluaðila, þar sem þess þarf og yfirfara gildandi samninga.
- Ráða persónuverndarfulltrúa, skilgreina verksvið og fl.
- Aðlögun tölvukerfa að nýjum reglum, geta veitt upplýsingar, geta upplýst einstaklinga um vinnslur er þá varða.
- Yfirfara persónuverndarstefnu m.t.t. nýrra reglna, fræða starfsfólk um persónuvernd.
- Innleiðing stefnu í menningu stofnunar.

Áætlaður kostnaður vegna innleiðingar

Gerð hefur verið frumgreining á kostnaði Sjúkratrygginga Íslands við innleiðingu helstu þátta laganna. Það er mat stofnunarinnar að hana vanti um 27 m.kr. í viðbótarfjárheimildir á árinu 2018 til ráðningar persónuverndarfulltrúa, aðkeyptrar ráðgjafar og breytinga á tölvukerfum.

Þá er áætlaður varanlegur viðbótarkostnaður í rekstri frá árinu 2019 um 18-20 m.kr. á ári.

Að lokum

Sjúkratryggingar vilja að lokum ítreka eftirfarandi:

- Starfsemi stofnunarinnar snýst að verulegu leyti um það að vinna með réttindastöðu einstaklinga í sjúkra- og slysatryggingum, slík vinnsla kallar óhjákvæmilega á vinnslu margháttaðra persónuupplýsinga.
- Vinnsla persónuupplýsinga fer fram í mörgum flóknum og umfangsmiklum tölvukerfum.
- Kerfi Sí eiga í samskiptum við þúsundir veitenda heilbrigðisþjónustu.
- Stofnunin hefur ekki fengið nauðsynlegar fjárveitingar til að ráðast í undirbúningsvinnu og nauðsynlegar breytingar á tölvukerfum og vinnslum.
- Sjúkratryggingar Íslands þurfa eftir að fjármögnun kostnaðar liggur fyrir a.m.k. 8-12 mánuði til að innleiða helstu þætti nýrra reglna um persónuvernd.

Reykjavík 7. júní 2018